

# Bjart yfir Hólahátíð


Bæ, Skagafirði, 18. ágúst.

EKKI bregst það, að á Hólahátíð er gott veður, og svo var það nú, er gestir fjölmenntu heim að Hólum á hina árlegu hátíð Hólafélagsins. Óll sæti voru skipuð í dómkirkjunni og mörgum stólum þurfti að koma fyrir aukalega, en áætlað var að þarna væri a.m.k. 150 manns. Auk fjölmenns kirkjukórs frá Sauðárkróki, sem söng undir stjórn Jóns Björnssonar tónskálds, en einsöng flutti Ragnheiður Óskarsdóttir frá Sauðárkróki. Ellefu skryðdir prestar gengu til kirkju ásamt vígslubiskupi. Fyrir altari bjónuðu séra Gunnar Gísla-

son prófastur og Sighvatur Emilsson prestur á Hólum. Eitt barn var skirt við þessa guðsþjónustu. Stólvers var sungið „Heyr himnasmiður“ eftir Tuma Tómasson, en lagið er eftir Jón Björnsson tónskáld.

Prédikun flutti Örn Ragnarsson prestur á Raufarhöfn, en altarishjónustu önnuðust vígslubiskup og prófastur Skagafjarðarsýslu.

Eftir messu var kaffihlé, en kl. 4 hófst hátíðardagskrá með ávarpi formanns Hólafélagsins, sr. Árna Sigurðssonar á Blönduósi. Haukur Guðlaugsson söngmálastjóri lék einleik á orgel. Því næst flutti Pálmi



Dómkirkjan að Hólum.

Jónsson landbúnaðarráðherra ræðu þar sem hann talaði um margþætt hlutverk Hólafélagsins og þátt Hólahátíðar til eflingar Hólum. Þá ræddi hann um Hólastað fyrr og nú, þær framkvæmdir, sem verið væri að gera á Hólum og þær vonir, sem bundnar væru við þær. Stefnt væri að því að hefja reglulegt skólahald að nýju haustið 1981, en á komandi vetri yrði námskeið eins

og verið hefði sl. vetur. Talaði hann einnig um vonir manna um framtíð Hóla.


Næst söng Guðrún Tómasdóttir einsöng með undirleik Hauks Guðlaugssonar. Síðan flutti sr. Sigurpáll Óskarsson bæn, en formaður Hólafélags sleit samkomunni.

Á Hólum standa nú yfir miklar framkvæmdir. Unnið er að gagngerum endurbótum á skólahúsnæðinu að utan en

að innan er ráðgert að hefja viðgerðir á næsta ári. Byrjað er á hitaveitu frá Reykjum að Hólum, brú á að setja á Hjaltadalsá nálægt laxeldisstöðinni, sem Hólalax er að byggja. Er það mannvirki jafnvel á undan áætlun byggingartíma. Verið er að byggja fyrsta hluta hesthúss og til stendur að laga og endurbæta starfsmannabústaði.

Þeir, sem unna Hólastað, gleðjast og vona að senn verði þar glæsilegur rekstur á skóla og fleiri framkvæmdir.

Björn í Bæ.



Eitt verkanna á sýningunni.

## Björn Birnir á Kjarvalsstöðum

Í VESTURSAL Kjarvalsstaða verður kl. 16 í dag opnuð sýning Björns Birnirs. Á sýningunni eru tæplega 60 verk, — teikningar, kol- og akrílmýndir. Björn hefur áður haldið einkasýningar í Norræna húsinu 1977, Chicago I.V. 1979, Devenport Iowa 1979 og auk þess sýningar víðsvegar um Canada.

Björn stundaði nám í Handíða- og Myndlistarskólanum 1949—

1952. Lauk prófi í skreytilist og skiltaferð frá Bergenholtz Dekorations fagskole 1955 og prófi í fjarvídarteiknun, flatarteiknun og rúmteiknun við Indendørs Arkitekt Akademied. Árið 1979 lauk hann svo Master of Science prófi við Indiana State University.

Sýningin stendur frá 29. ágúst til 10. september og er opin frá kl. 14 til 22 alla dagana.



Ljósm. A.S.

Á Akureyri er talsverður áhugi ríkjandi fyrir sjóskíðaiþróttinni og má oft sjá menn æfa þá iðju á pollinum þegar þannig viðrar.

## Bestu kaupin!

**KPS**  
heimilistæki  
frá Noregi

Við fengum takmarkað magn af þessum stórglæsilegu eldavélum á þessu einstaklega hagstæða verði kr. 520.400.—


PA 460 eldavélinni fylgir vífta fyrir annað hvort útblástur eða kolasíu. (Verð á kolasíu sérstakt.) Digital klukka er í víftunni.

PA 460 eldavélin er með 4 hellum. Aðvörunarljós fyrir hverja hellu. 2 fullkomnir ofnar. Sjálfhrensandi ofn að ofan, búin rafdrifnum grilltein. Stór ofn að neðan, sem einnig má baka og steikja í. Öryggislæsing á ofnhurð.

PA 460 eldavélnarar fást í karry gulu, avocado grænu og svörtu.

Tryggðu þér vél strax í dag á þessu einstaklega hagstæða verði. Takmarkað magn.

Eigum einnig kælikápa, frystiskápa, uppþvottavélur og frystikistur á hagstæðu verði.



PA 460 mál: 60x60x85—90 sm.



EINAR FARESTVEIT & CO. HF.  
BERGSTADASTRÆTI 10A - SÍMI 16995

Árs ábyrgð —  
Greiðslu-  
skilmálar

nyja  
simanúmerið  
okkar er  
**36777**

**AUGLÝSINGASTOFA  
MYNDAMÓTA HF**